



**HÍÐ ÍSLENSKA NÁTTÚRUFRAEÐIFÉLAG – HÍN**  
Hamraborg 6a, 200 Kópavogi

## **Aðalfundur HÍN 2007**

### **Samþykkt ályktun um Rammaáætlun:**

„Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags, haldinn 24. febrúar 2007 í Kópavogi, hvetur ríkisstjórn Íslands eindregið til þess að setja aukinn kraft í gerð seinni áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og ljúka honum sem allra fyrst. Hið íslenska náttúrufræðifélag telur að þannig verði unnt að skapa sátt meðal þjóðarinnar um skynsamlegan grunn til ákvörðunar um verndun náttúru landsins og forgangsröðun einstakra kosta til orkuöflunar. Hið íslenska náttúrufræðifélag harmar seinagang yfirvalda í þessu máli og brýnir að gefnu tilefni fyrir stjórnvöldum og virkjunaraðilum að bíða með öll áform um virkjanir, jafnt í vatnsaflum sem jarðvarma, þar til niðurstaða hefur fengist í rammaáætlun. Í þessu sambandi ber einkum að horfa til mikils verndargildis háhitasvæða á miðhálandinu, sem eru einstök í náttúru Evrópu og sum hver á heimsmælikvarða, svo sem Torfajökulssvæðið, Kerlingafjöll, Kverkfjöll, Hveravellir, Brennisteinsfjöll og Askja.“

Samrit sent:  
Iðnaðarráðherra  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Orkustofnun  
Umhverfisnefnd Alþingis  
Umhverfisráðherra  
Umhverfisstofnun